

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna skógræktar á Litluvöllum í Þingeyjarsveit.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2021/5

Forsíðumynd: Litluvellir, mynd tekinn í austur.



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2021/5

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
LITLUVELLIR.....	3
FORNLEIFASKRÁ.....	4
SAMANTEKT.....	6
HEIMILDASKRÁ.....	7

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðin um að annast fornleifaskráningu vegna skógræktar á Litluvöllum í Þingeyjarsveit. Heildarstærð skógræktarsvæðis er 99,58 ha og er svæðið í melum í fjallshlíðinni fyrir ofan bæinn.

Ekki hafði farið fram fornleifaskráning á Litluvöllum áður. Það var þó til var skýrsla þar sem allar heimildir um menningarminjar höfðu verið skráðar á svæðinu.

Vettvangsathugun fór fram í seinni hluta júní 2021, svæðið var svo stækkað skömmu seinna og var þá farið aftur á staðinn um miðjan ágúst. Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmanni fyrir góðar upplýsingar um svæðið.

Verkefnisnúmer Minjastofnunnar Íslands: 2661.

1. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar.

Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunn umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁷

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 1998 til 2018 á map.is, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga og niðurlagsgögn frá Landmælingum Íslands.

Jafnframt var haft samband við heimildarmann sem þekkti vel til á svæðinu ásamt því að skoða skýrslu sem Fornleifastofnun lét gera af rituðum heimildum um menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal.⁸ Að lokum var svo vettvangsvinna þar sem gengið var skipulega um svæðið. Þar sem minjar fundust voru þær uppmældar með trimble tæki, mældar og ljósmyndaðar. Kortavinna var unnin í Microstation v8i með loftmynd undir frá Loftmyndum ehf. frá 2018. Þrátt fyrir að það hafi verið gengið skipulega til verksins, verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

4. Litluvellir

Jörðin Litluvellir er nefnd Minnivellir um 1550 og virðist þá að bærinn sé nýlega byggður. Var jörðin talin fremur landlítill en góð sauðajörð og til ræktunar.⁹ Árið 1712 er hún í konungseign en í bændaeign 1847. Bæjarstæðið er á grund við rætur Vatnafjalls, aðeins sunnan við miðju landsins, en hún er um 2 km fá norðri til suðurs.¹⁰ Fjallshlíðin er nokkuð blásin með lautum og giljum en grundir á láglendinu með fjallinu en móar þegar nær dregur Skjálfandafljóti.¹¹

Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að skógur til kolagjörðar sé eyddur en til eldiviðar sé hann lítill og feyskinn. Torfrista og stunga séu lök og lítið af fjalladraparíf en gagnist að einhverju leyti til fôðurs en grastekja sé mjög lítil. Til forna hafi skriðufall grandað túninu en hafi henni verið komið í grýtta hauga sem séu að miklum hluta grasi vaxnir. Haugarnir og leirságangur spilli oft túninu svo skaði verði að. Þar að auki spillist engin oft svo stór skaði verði að vegna smálækja sem bera með sér grjót og sand. Úthaganir séu litlir og uppblásnir og verður

⁷ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁸ Hildur og Sædis, 2001.

⁹ Jón Sigurðsson, 1954, bls. 216-217.

¹⁰ Haukur, Jón og Steingrímur, MCMLXIII, bls. 353.

¹¹ Ragnar Þorsteinsson, 2006, bls. 482.

ábúandi því að þiggja beit af nágrönnum til beggja handa. Tollur sé þá greiddur til Halldórsstaða en óákveðinn greiðasemi til Stóruvalla. Hætta sé fyrir kvikfjá vegna holgryfja.¹²

5. Fornleifaskrá

Ekki fundust neinar heimildir um menningarminjar innan svæðis nema örnefnin Bæjarlækur og Bæjargil,¹³ og vísa þau að bæjarstæðinu á flatlendinu nokkuð fyrir utan skógræktarsvæðið. Ekki vissu ábúendur til þess að neinar menningarminjar væru á svæðinu,¹⁴ né heldur var hægt að sjá á loftmyndum frá mismunandi árum. Við vettvangsathugun þar sem gengið var um svæðið fannst þó ein varða.

Fornleifanúmer: 2661-01

Hnit: A572502.0 N552244.1 ISN93

Hlutverk: Varða

Tegund: Steinhleðsla

Í kringum 190 m suð-vestur af íbúðarhúsinu á Litluvöllum upp á hæð var varða. Varðan var um 1 m á hæð og 1 m í þvermál. Hún virtist nokkuð heilleg og skófir á steinunum benda til þess að hún sé ekki mjög nýleg. Hún virtist samt ekki vera mjög traust að sjá og nokkuð merkilegt að nátturuöflin séu ekki löngu búin að raska henni.




Mynd 1. Varða, bæjarhúsin á Litluvöllum sjást í bakgrunni, mynd tekinn í norð-austur.

¹² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 11 bindi, bls. 140.

¹³ Litluvellir, Örnefnastofnun, bls. 3.

¹⁴ Kristján Jónsson, Munnleg heimild.



nafn: LITLUVELLIR	teikn. 20.08.2021 hj	Skýringar: Afmörkun skógræktarsvæðis á Litluvöllum l.nr.153505 og menningarminjar innan þess.	 BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Öseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: tugardur@bugardur.is
ÞINGEYJARSVEIT	mælikv. 1:7000 í A4		Unnið eftir mynd nr. d518 / d519 / gps mælifrá Loftmyndir ehf. 2018.

6. Samantekt

Jörðin Litluvellir, eins og nafnið gefur til kynna, er ekki stór og hefur heldur ekki langa búsetusögu miðað við margar aðrar. Nokkur fjöldi var af heimildum um menningarminjar á jörðinni en það var þó ekki hægt að tengja þær við afmarkaða svæðið. Líkleg ástæða fyrir því er sú að svæðið liggur í fjallshlíðinni fyrir ofan bæinn og því ólíklegt að mikið af mannvirkjum hafi verið reist þar. Þar að auki, eins og heimildir geta til, hefur skriða spillt túninu og því litlar líkur að ef einhver mannvirki hafi verið þarna, að þau hafi staðið að sér skriðuföll.

Á melunum í fjallshlíðinni má sjá mikið af stórum steinum sem hafa komið úr fjallinu. Einnig eru gilin djúp og þröng og á veturnar safnast mikill snjór í þau og mikið vatn rennur um þau á vorin.¹⁵ Þrátt fyrir að aðstæður á svæðinu séu ekki þær bestu til varðveislu á menningarminjum þá fannst þó ein varða við vettvangsathugun.

Mikilvægt er þó að hafa í huga að þrátt fyrir að lítið hafi fundist á vettvangi er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að fleiri minjar finnist þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 28. september 2021.
Hákon Jensson

¹⁵ Kristján Jónsson, Munnleg heimild.

7. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ljósavatnshreppur. Ellefta. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1988.

Haukur Ingjaldsson, Jón Sigurðsson og Steingrímur Baldvinsson (ritnefnd). (MCMLXIII). Byggðir og Bú, aldarminning Búnaðarsamtaka Suður-Þingeyinga í máli og myndum. Akureyri. Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu.

Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. (2001). Menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Jón Sigurðsson frá Yztafelli: (1954). Lýsing Þingeyjarsýslu II. Suður-Þingeyjarsýsla. Ritsafn Þingeyinga II. Reykjavík. Helgafell.

Ragnar Þorsteinsson. (2006). Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 2005. Bók I. Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga.

Örnefnaskrár:

Litluvellir. Bárðdælahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Ari Gíslasons skráði. Samlesið J.H. Örnefnastofnun.

Munnlegar heimildir:

Kristján Jónsson, 1963, Litluvöllum.